

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 150/2014****2014/EES/71/37****frá 27. júní 2014****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1313/2013/ESB frá 17. desember 2013 um kerfi Sambandsins á sviði almannavarna ⁽¹⁾.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2014.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirgrein bætist í 8. mgr. 10. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„d) Gerðir Bandalagsins sem koma til framkvæmda frá 1. janúar 2014 að telja:

- **32013 D 1313**: Ákvörðun Evrópusambandsins og ráðsins nr. 1313/2013/ESB frá 17. desember 2013 um kerfi Sambandsins á sviði almannavarna (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 924).

Liechtenstein er undanþegið þátttöku í þessari áætlun og fjárframlögum til hennar.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hefur borist (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2014 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbætti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 924.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.